

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra

Reglur
um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum ráðherra í ríkisstjórn Íslands
og trúnaðarstörfum er þeir gegna.

Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar frá 17. mars 2009 skulu ráðherrar í ríkisstjórn Íslands gera almenningi grein fyrir fjárhagslegum hagsmunum sínum og trúnaðarstörfum sem þeir gegna í samræmi við reglur forsætisnefndar Alþingis um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum alþingismanna og trúnaðarstörfum utan þings frá 16. mars 2009.

A Eftirfarandi fjárhagslegir hagsmunir skulu skráðir:

1. Launuð starfsemi.

a. Launuð stjórnarseta í einkareknum eða opinberum félögum. Staða og félag skulu skráð.

Engin.....

b. Launað starf eða verkefni (annað en launuð ráðherrastörf). Starfsheiti og nafn vinnuveitanda eða verkkaupa eru skráð.

Ekkert.....

c. Starfsemi sem unnin er samhliða starfi ráðherra og er tekjumyndandi fyrir hann eða félag sem hann á sjálfur eða er meðeigandi í. Skráð er tegund starfsemi.

Engin.....

2. Fjárhagslegur stuðningur, gjafir, utanlandsferðir og eftirgjöf eftirstöðva skulda.

a. Fjárframlag eða annar fjárhagslegur stuðningur frá innlendum og erlendum lögaðilum og einstaklingum, þ. á m. stuðningur í formi skrifstofuástöðu eða hliðstæðrar þjónustu, sem fellur utan þess stuðnings sem Stjórnarráð Íslands, Alþingi eða flokkur ráðherrans lætur í té, og verðgildi stuðnings nemur meira en 50 þús. krónum á ári. Enn fremur skal skráður fjárhagslegur stuðningur í formi afsláttar af markaðsverði og annars konar ívilnunar að verðmæti meira en 50 þús. krónur sem ætla má að sé veittur vegna stöðu viðkomandi sem ráðherra eða setu ráðherrans á Alþingi. Skráð skal hver veitir stuðninginn og hvers eðlis hann er.

Ekkert.....

b. Gjöf frá innlendum og erlendum lögaðilum og einstaklingum þegar áætla verður verðmæti hennar yfir 50 þús. krónum og gjöfin sé veitt vegna stöðu viðkomandi sem ráðherra eða út af setu ráðherrans á Alþingi. Skrá skal nafn þess sem gefur, tilefni gjafar, hvers kyns hún er og hvenær hún er látin í té.

Engin.....

c. Ferðir og heimsóknir innan lands og utan sem geta tengst stöðu viðkomandi sem ráðherra eða setu ráðherrans á Alþingi og útgjöldin eru ekki að öllu leyti greidd af ríkissjóði, flokki ráðherra eða ráðherranum sjálfum. Skrá skal hver stóð undir útgjöldum ferðar, tímabil hennar ásamt nafni áfangastaða.

Engar.....

d. Eftirgjöf eftirstöðva skuldar og ívilnandi breytingar á skilmálum samnings við lánardrottin. Enn fremur skuldasamning með hagstæðari skilmálum en almennt tíðkast í hliðstæðum samningum. Skrá skal lánardrottin og eðli samningsins.

Engin.....

3. Eignir.

a. Fasteign, sem er að einum þriðja eða meira í eigu ráðherrans eða félags sem hann á 1/4 hlut í eða meira, annað en húsnæði til eigin nota fyrir ráðherrann og fjölskyldu hans og lóðarréttindi undir slíkt húsnæði. Skráð skal heiti landareignar og staðsetning fasteignar.

Engin.....

b. Heiti félags, sparisjóðs eða sjálfseignarstofnunar í atvinnurekstri, sem ráðherra á hlut í og fer yfir einhver eftirtalinna viðmiða:

1. Verðmæti hlutar nemur að markaðsvirði meira en einni milljón króna miðað við 31. desember ár hvert.

Engin.....

2. Hlutur nemur 1% eða meira í félagi, sparisjóði eða sjálfseignarstofnun þar sem eignir í árslok eru 230 m.kr. eða meira eða rekstrartekjur 460 m.kr. eða meira.

Engin.....

3. Hluttur nemur 25% eða meira af hlutafé eða stofnfé félags, sparisjóðs eða sjálfseignarstofnunar.

Engin.....

4. Samkomulag við fyrrverandi eða verðandi vinnuveitanda.

a. Samkomulag við fyrrverandi vinnuveitanda sem er fjárhagslegs eðlis, þar á meðal samkomulag um orlof, launalaust leyfi, áframhaldandi launagreiðslur eða fríðindi, lífeyrisréttindi og ámóta meðan viðkomandi gegnir embætti ráðherra eða situr á Alþingi. Skrá skal gerð samkomulags og nafn vinnuveitanda.

Ekkert.....

b. Samkomulag um ráðningu við framtíðarvinnuveitanda, óháð því að ráðningin taki fyrst gildi eftir að ráðherra lætur af embætti eða hverfur af þingi. Skrá skal gerð samkomulags og nafn vinnuveitanda.

Ekkert.....

5. Ekki skal skrá fjárhæð eða verðgildi þeirra þátta sem eru tilgreindir í 1.-4. tölul. greinarinnar. Heimilt er að fella brott upplýsingar, sem getið er um í a-d-liðum 2. tölul. greinarinnar þegar fjögur ár eru liðin frá upphaflegri skráningu.

B. Eftirfarandi upplýsingar um trúnaðarstöður skulu skráðar.

Skráðar eru upplýsingar um stjórnarsetu og önnur trúnaðarstörf fyrir hagsmunasamtök, opinberar stofnanir, sveitarfélög og félög önnur en stjórn mála flokka óháð því hvort þessi störf eru launuð. Skrá skal nafn félags, hagsmunasamtaka, stofnunar eða sveitarfélags og eðli trúnaðarstarfs.

Engin.....

C. Tímamark skráningar, birting upplýsinga o.fl.

Ráðherrar skulu svo fljót sem unnt er eftir að þeir taka sæti í ríkisstjórn skrá upplýsingar samkvæmt reglum þessum. Nýjar upplýsingar skv. A- og B-lið, þar með taldar upplýsingar um nýfengna hluti í félögum eða breytingar á áður skráðum upplýsingum, skulu skráðar innan mánaðar eftir að upplýsingarnar liggja fyrir.

Skráðar upplýsingar samkvæmt reglum þessum skulu sendar forsætisráðuneytinu.

Skráðar upplýsingar um alla ráðherra í ríkisstjórn Íslands skulu vera aðgengilegar almenningi á heimasíðu forsætisráðuneytisins auk þess sem skráðar upplýsingar um hvern ráðherra skulu birtar á heimasíðu ráðuneytis hans.

Sé ráðherra alþingismaður skal hann jafnframt skrá og miðla upplýsingum í samræmi við reglur forsætisnefndar Alþingis frá 16. mars 2009 um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum alþingismanna og trúnaðarstörfum utan þings.

D. Gildistaka.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Í forsætisráðuneytinu 19. mars 2009.

Jóhanna Sigurðardóttir